

**1**  
21. jan.

**Brjef atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins til borgarstjórnans í Reykjavík um greiðslu á úrskurðuðu meðlagi barnsföður með óskilgetnu barni hans að honum látnum.**

Með brjefi dags. 12. desbr. f. á. óskið þjer, herra borgarstjóri, úrskurðar ráðuneytisins um það, hvort framfærslusveit beri að greiða úrskurðað meðlag með óskilgetnu barni þurfaðings síns, að honum látnum, og þá hverjum sá fátækrastrýrkur skuli teljast veittur.

Í lögum nr. 46/1921 frá 27. júní, um afstöðu foreldra til óskilgetinna barna, sem öðluðust gildi 1. janúar 1922, er svo fyrir mælt, í 44. gr. laganna, að framfærsluskylda föður óskilgetins barns, sem er fætt áður en lögin öðlast gildi, fari, nema um hana hafi verið samið, gagnvart barninu, sem og skyldu hans gagnvart móður þess, eftir áður gildandi lögum. Samkvæmt þessu verður framfærslusveit látins föður óskilgetins barns, sem er fætt áður en lögin öðluðust gildi, ekki gert skylt að framfæra barnið, þótt móðirin sje þess ekki megnug, og verður því sá sveitarstrýrkur, sem barnsmóðirin þarf til framfærslu barninu, talinn veittur henni eins og 9. gr. fátækralaganna lætur um mælt. Ef aftur á móti ræða er um úrskurðað meðlag með óskilgetnu barni, sem fætt er eftir að lög nr. 46/1921 öðluðust gildi, verður það að teljast fátækrastrýrkur veittur föðurins vegna, og endurgreiðist hann af framfærslusveit barnsföður á sama hátt og meðlag greitt barnsmóður af dvalarsveit hennar meðan faðirinn var á lífi.

## REGLUR

**2**  
2. jan.

**um skrásetning kaupmála m. m. samkvæmt IX. kafla í lögum nr. 20, frá 1923, um rjettindi og skyldur hjóna.**

Samkvæmt 78. gr. laga nr. 20 frá 1923, um rjettindi og skyldur hjóna, eru hjermeð settar eftirfarandi reglur um fyrirkomulag og hald bóka þeirra, er valdsmaður skal halda yfir skrásetta kaupmála o. fl. samkvæmt nefndum lögum.

Bækurnar skulu, samkvæmt 78. gr. ofan nefndra laga, vera tvær, dagbók og kaupmálabók með nafnaskrá.

Dagbókin skal vera dálkstrikuð og skal í fyrsta dálkinum vera raðtala, er sýni tölu kaupmálans í röð tilkyntra og skrásettra kaupmála. Í öðrum dálk-

**2** inum tilkynningarár og tilkynningardagur kaupmálans. Í þriðja dálkinum skrásetningarár og skrásetningardagur hans. Í fjórða dálkinum nafn, staða og heimili mannsins. Í fimta dálkinum nafn, staða og heimili konunnar. Í sjötta dálkinum bókstafseinkenni (ltra) og blaðsíða kaupmálabókar þeirrar, er kaupmálinn er færður inn í. Í sjöunda dálkinum tilkynningarár og tilkynningardagur kaupmálans til aðalskrár, sbr. 83. gr. laganna, og loks í áttunda dálki undirskrift valdsmanns. Á sama hátt skulu skrásettar tilkynningar eftir 13. og 46. gr. laganna.

Kaupmálabókin skal vera eins og venjuleg afsals- og veðmálabók og skal vera nafnaskrá aftan við hverja bók. Tölusetja skal hvern kaupmála og tilkynningu með áframhaldandi raðtölu, þannig, að kaupmálarnir og tilkynningarnar fái sömu raðtölu sem í dagbókinni.

Aftan við kaupmálann eða tilkynninguna í kaupmálabókinni skal setja tilkynningardag og skrásetningardag. Í nafnaskránni skulu nöfnin standa flokkuð eftir upphafsstöfunum í heiti hjónanna og í dálki aftan við hvert nafn bókstafseinkenni kaupmálabókar og blaðsíðutal það í bókinni, sem kaupmálinn byrjar á.

*Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 2. jan. 1924*

**Sig. Eggerz.**

*Sigf. M. Johnsen.*

**3**  
2. jan.

## REGLUGJÖRÐ

um innheimtu á skemtanaskatti þeim, er ræðir um í lögum nr. 40, frá 1923.

### 1. gr.

Aðgöngumiðar að skemtunum skulu stimplaðir af lögreglustjóra. Aðgang að skemtunum má ekki selja án þess að aðgöngumiðar sjeu afhentir, enda er seljanda ekki heimilt að taka aftur við aðgöngumiðum, nema hann greiði fult andvirði þeirra.

### 2. gr.

Aðgöngumiðar skulu þannig gjörðir, að þeir verði hæglega rifnir í tvent þá er þeir eru notaðir, þannig, að dyravörður haldi öðrum hlutanum en aðgangskaupandi hinum.